

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 28. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, á fimmtudögum kl. 8.10.

2. gr.

7. tölul. B-liðar 46. gr. samþykktarinnar fellur brott.

3. gr.

Við D-lið 46. samþykktarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. *Almannavarnaráð Sveitarfélagsins Árborgar*. Almannavarnaráð Sveitarfélagsins Árborgar skal skipað þremur fulltrúum og þremur til vara skv. erindisbréfi fyrir ráðið.

4. gr.

Við 3. mgr. 52. gr. samþykktarinnar bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

c. Sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs að afgreiða umsóknir um afnotaleyfi, þ.e. umsóknir um afnot lands í eigu sveitarfélagsins fyrir viðburði eða vegna annarra afnota, eða rofs á yfirborði, þ.e. leyfi til graftar utan lóða.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 2. ágúst 2022.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*